



# Uppgjör Landsbankans

janúar – september 2014

---



6. nóvember 2014

## Fréttatilkynning vegna níu mánaða uppgjörs Landsbankans árið 2014

# Landsbankinn hagnast um 20 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2014

Hagnaður Landsbankans nam 20 milljörðum króna eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 samanborið við 22 milljarða króna á sama tímabili árið 2013. Lækkunin skýrist aðallega af hærri sköttum, en þeir hækka um 32% milli ára. Í heild nema tekjuskattur og sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki um 8,7 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2014.

Rekstrarkostnaður bankans er óbreyttur á milli ára að raunvirði.

Mikill árangur hefur náðst við að lækka vanskil fyrirtækja og heimila og mældust heildarvanskil 3,3% í lok september en þau mældust 6,2% á sama tíma árið áður. Þessi lækkun vanskila hefur meðal annars skilað sér í jákvæðri virðisbreytingu útlána.

Steinþór Pálsson, bankastjóri, segir: „Rekstur Landsbankans hefur gengið vel fyrstu níu mánuði ársins. Lækkun á vaxtamun og á verðbréfamörkuðum hefur áhrif til lækkunar á tekjum en á móti kemur virðisaukning útlána m.a. vegna hratt lækkandi vanskila. Bæði inn- og útlán hafa vaxið töluvert sem er til marks um vaxandi umsvif í hagkerfinu.

Á árinu hafa náðst mikilsverðir áfangar er varða fjármögnun bankans bæði á innlendum og erlendum skuldabréfamarkaði og nú hefur Standard & Poor's breytt lánshæfishorfum bankans úr stöðugum í jákvæðar. Þá skráði Landsbankinn EMTN skuldabréfaramma (Euro Medium Term Note) í kauphöll á Írlandi í ágúst. Það mun gera bankanum kleift að gefa út skuldabréf erlendis að jafnvirði allt að 1 milljarði evra í ýmsum gjaldmiðlum og á föstum eða fljóttandi vöxtum.

Stærsta mál bankans tengist þeim skrefum sem á næstunni verða stigin til losunar fjármagnshafta og því hvort breytingar á skilmálum skuldabréfanna sem Landsbankinn samdi um við LBI hf. í maí nái fram að ganga. Að mati Landsbankans er samkomulagið við LBI hf. í fullu samræmi við það sem Seðlabanki Íslands hefur ítrekað bent á að nauðsynlegt sé til að hægt verði að stíga markviss skref í átt að afnámi hafta, til heilla fyrir íslenskt efnahagslíf í heild sinni.

Þær breytingar sem gerðar voru á skilmálum skuldabréfsins í maí varða ekki eingöngu lengingu lánstíma, heldur hafa mun víðtækari áhrif. Rutt er úr vegi íþyngjandi takmörkunum við arðgreiðsluheimildum og dregið úr kröfum um veðsetningu eigna.

Eins og fram hefur komið er forsenda þess að samkomulagið taki gildi að LBI hf. fái tiltekna undanþágur í samræmi við lög um gjaldeyrismál. Markmið bankans er að nýta EMTN rammann með nokkrum útgáfum á næstu árum og greiða með þeim skuldina við LBI hf. upp að fullu fyrir október 2018. Lenging á lánstíma LBI skuldabréfanna, að því gefnu að samkomulagið öðlist gildi, mun gera bankanum auðveldara um vik að ná því markmiði á hagstæðari kjörum en ella myndu bjóðast.”

## Helstu stærðir úr rekstri og efnahag

### Rekstur:

- » Hagnaður Landsbankans nam 20 milljörðum króna eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, samanborið við 22 milljarða króna á sama tíma á árinu 2013.
- » Tekjuskattur og sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki hækka um 2 milljarða króna frá sama tímabili 2013 og eru um 8,7 milljarðar króna.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta nam 11,4% samanborið við 12,9% fyrir sama tímabil árið 2013.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 22,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þær námu 24,3 milljörðum króna á sama tímabili árið 2013.
- » Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna lækkar, var 2,6% á fyrstu níu mánuðum ársins en 2,9% á sama tímabili árið 2013.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 4,2 milljörðum króna og aukast lítillega á milli tímabila.
- » Rekstrarkostnaður stendur í stað að raungildi. Almennur rekstrarkostnaður lækkar um 5% og launakostnaður hækkar um 7% frá fyrra ári en sú hækkun skýrist að mestu af samningsbundnum hækkunum.
- » Hlutfall kostnaðar af tekjum fyrstu níu mánuði ársins var 55,3%, en það var 42,3% á sama tíma í fyrra. Breytingin skýrist að stórum hluta af lækkandi vaxtamun. Hlutfall kostnaðar af heildareignum er 1,9%.
- » Stöðugildi í lok september 2014 voru 1.166, samanborið við 1.183 í lok árs 2013.

### Efnahagur:

- » Eigið fé bankans nam 241 milljarði króna í lok september og hefur það lítið breyst frá áramótum. Landsbankinn greiddi eigendum sínum tæpa 20 milljarða króna í arð á fyrsta ársfjórðungi ársins.
- » Eiginfjárlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) er sem fyrr vel umfram kröfur FME. Það er nú 27,1%, en var 26,2% í lok september 2013.
- » Heildareignir bankans námu 1.201 milljarði í lok september 2014. Þær hafa hækkað um tæpa 50 milljarða frá áramótum.
- » Innlán viðskiptavina hafa aukist um 9% frá áramótum, eða um tæpan 41 milljarð.
- » Útlán til viðskiptavina á fyrstu níu mánuðum ársins eru um 116 milljarðar króna, en að teknu tilliti til afborgana og fleiri þátta, hækka heildarútlán um 39 milljarða á tímabilinu eða 6%.
- » Lausafjárstaða bankans er sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum. Lausafjárlutfallið var 49% í lok september 2014, sem er sambærilegt og það var í lok árs 2013.
- » Gjaldeyrissjófnuður bankans er í góðu horfi og eignir í erlendri mynt er um 21 milljarðar króna umfram skuldir í erlendri mynt.
- » Heildarvanskil hjá fyrirtækjum og heimilum stóðu í 3,3% í lok september 2014, en voru 6,2% á sama tíma 2013.

	9m 2014	9m 2013	2013	2012	2011
Hagnaður eftir skatta	19.985	22.276	28.759	25.494	16.957
Arðsemi eigin fjár	11,4%	12,9%	12,4%	12,0%	8,4%
Vaxtamunur / heildareignir	2,6%	2,9%	3,1%	3,2%	2,9%
Kostnaðarhlutfall *	55,3%	42,3%	42,9%	45,0%	40,6%
Raunbreyting rekstrarkostnaðar	0,0%	-9,4%	-10,1%	4,9%	13,3%
Stöðugildi	1.166	1.179	1.183	1.233	1.311
Heildareignir	1.201.247	1.158.154	1.151.516	1.084.787	1.135.482
Útlán til viðskiptavina	719.627	671.378	680.468	666.087	639.130
Innlán frá viðskiptavinum	497.583	465.742	456.662	421.058	443.590
Eiginfjárlutfall (CAR)	27,1%	26,2%	26,7%	25,1%	21,4%
Lausafjárlutfall	49%	48%	50%	48%	43%
Lausafjárlutfall LCR alls	108%	-	102,0%	-	-
Lausafjárlutfall LCR FX	222%	-	208,0%	-	-
Gjaldeyrisjöfnuður	21.086	12.434	14.457	-20.035	20.034
Vanskilahlutfall (>90 daga)	3,3%	6,2%	5,3%	8,3%	13,9%

\*Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána)

### Helstu þættir í rekstri bankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2014

- » Hið alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtæki Standard & Poor's (S&P) veitti Landsbankanum í janúar lánshæfiseinkunina BB+ með stöðugum horfum. Í október breytti svo S&P horfum lánshæfiseinkunnar bankans úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti 'BB+/B' lang- og skammtímaeinkunn bankans.
- » Landsbankinn greiddi arð til eigenda sinna í mars í samræmi við samþykkt aðalfundar og nam hún 70% af hagnaði síðasta árs, eða tæpum 20 milljörðum króna. Arðgreiðslan kom til lækkunar á eigin fé á fyrsta ársfjórðungi.
- » Í mars tók gildi nýtt skipulag útibúa Landsbankans á höfuðborgarsvæðinu og eru öll útibú bankans á því svæði eftirleiðis einstaklingsútibú. Öll viðskipti smærri og meðalstórra fyrirtækja færðust í nýja fyrirtækjamíðstöð í Borgartúni 33.
- » Skrifað var undir nýjan samning í maí um breytingu á skilmálum skuldabréfa Landsbankans og LBI hf. sem samið var um í desember 2009. Lokagjalddagi skuldabréfanna verður árið 2026 í stað 2018, rutt er úr vegi íþyngjandi takmörkunum á arðgreiðsluheimildum og dregið úr kröfum um veðsetningu eigna. Forsenda þess að samkomulagið taki gildi er að LBI hf. fái tiltekna undanþágur í samræmi við lög um gjaldeyrisráðgjafi.
- » Í júní seldi Landsbankinn 9,9% eignarhlut í FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. og allan eignarhlut sinn í IEI slhf., eða sem nemur 27,6%, en í árslok 2013 var FSÍ skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf. Heildarsöluandvirðið var rúmlega 7 milljarðar króna.
- » Í ágúst skráði Landsbankinn EMTN skuldabréfaramma (Euro Medium Term Note) í kauphöll á Írlandi. Um er að ræða skuldabréfaramma sem gefur bankanum færi á að gefa út skuldabréf að jafnvirði allt að 1 milljarði evra í ýmsum gjaldmiðlum og á föstum eða fljótandi vöxtum.

- » Í september gaf Landsbankinn út nýjan flokk sértryggðra skuldabréfa, LBANK CB 19. Skuldabréfin eru óverðtryggð með föstum 6,8% vöxtum til fimm ára. Fjárhæð útgáfunnar nemur 960 milljónum króna. Fyrr á árinu hafði útgáfa sértryggðra skuldabréfa bankans verið aukin um 1,5 milljarða króna.
- » Mikill vöxtur hefur verið í nýjum íbúðalánnum bankans og hafa þau aukist um 129% á fyrstu níu mánuðum ársins, miðað við sama tíma í fyrra. Íbúðalán eru nú rúmlega 67% af útlánnum bankans til einstaklinga.
- » Landsbankinn lagði mikla áherslu á að kynna kosti viðbótarlífeyrissparnaðar í tengslum við skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Fjöldi nýrra samninga um lífeyrissparnað þrefaldaðist á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við sama tíma 2013.
- » The Banker, tímarit á vegum Financial Times, birti í júlí mat sitt á styrk og frammistöðu 1.000 fremstu banka heimsins. Hvað fjárhagslegan styrk varðar kemst Landsbankinn í 20. sæti í heiminum og 1. sæti í Vestur-Evrópu.
- » Landsbankinn var eitt fjögurra fyrirtækja sem tilnefnd voru til Menntaverðlauna atvinnulífsins 2014.
- » Alþjóðlega fjármálaritið Global Finance valdi Landsbankann besta bankann á Íslandi.
- » Alþjóðlega fjármálatímaritið International Finance valdi Landsbankann besta bankann á Íslandi og taldi netbanka Landsbankans besta netbankann.